



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL3TK05

Kennsluáætlun – vorönn 2024

Kennari	Ágústa Ragnarsdóttir, agustaragnars@fsu.is
---------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum rifja nemendur upp blýantsskyggingar, form- og línuteikningar annars þreps teikniáfangans MYNL2TK05. Farið er í fríhendisteikningu hluta, umhverfis og náttúru og gerðar tilraunir með súrrealíska myndbyggingu. Farið er dýpra í fjarvídd og þjálfun formskilnings. Kynntar og þjálfaðar blindteikningar mannamynda sem og raunsæjar svo og hlutföll í mannlíkamanum. Gerður samanburður á myndbyggingu út frá raunsæi, abstrakt og súrrealisma og lögð áhersla á fríhendisteikningu og skissugerð.

Undanfari: MYNL2TK05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- teikningu og mismunandi skyggingu hluta og náttúruforma
- áhrifum skugga og ljóss til að ná fram andstæðum í mynd
- munstri sem myndast við endurteikningu ýmissa forma
- notkun fjarvídarpunkta í myndbyggingu við skissugerð
- blindteikningu svo og hlutfallaskiptingu mannlíkamans
- súrrealískum áhrifum í myndum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- teikna fríhendis í skissugerð
- finna, teikna og skyggja munstur sem endurteikning forma skapar
- myndbyggingu bæði á raunsæjan og súrrealískan hátt
- vinna með fjarvídd hluta og náttúruform í fríhendisteikningu
- nýta sér nærumhverfi sem og ljósmyndir í sínum verkum
- mæla út hlutföll mannlíkamans og nýta í sinni teikningu.
- nota blind-teikningu í gerð mannamynda
- yfirfæra margvíslegar eigin skissur í lokamynd

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- teikna myndir úr sínu nánasta umhverfi með hjálp þrívíddar - og fjarvídartækni
- teikna myndir fríhendis úr sínu nærumhverfi og út frá ljósmyndum
- ná fram fjölbreytilegri skyggingu
- vinna með munstur út frá endurtekningu ýmissa forma úr náttúrunni
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna fólk með blindteikningu og líka í réttum hlutföllum.
- teikna upp raunsæja sem og súrrealíska mynd út frá hlutum og náttúru
- Tengja saman ólíka þætti svo úr verði heildstætt verk

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlög, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Útskýringar og mynddæmi á INNU og Facebook undir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Sérreglur myndlistar:

SKIL OG SKILAFRESTUR:

Skila þarf öllum fyrirsettum verkefnum annarinnar, þar með töldu fullunnu og stöðnu lokaverkefni sem og stuttum greinargerðum með verkefnum nr. 1, 2, 3 og 5 og fá 5 í lokaekun til að eiga möguleika á að standast áfangann.

Sein skil: Dregið er niður fyrir sein skil verkefna um 0,5 pr. dag. Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærra en 5 fyrir verkefni. Mikilvægt að nemandi sé í góðu sambandi við kennara sinn ef hann er að lenda í skilavandræðum.

- Nemendur geymi skissur og verkefni í ávallt möppu og haldi vel utan um allt. Þeir bera ábyrgð á sínum gögnum.
- Áfanginn er próflaus símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting. Verkefni má skila aftur í samráði við kennara ef nemandi vill bæta það.
- Lokaverkefni er ígildi prófs. Nemendur skulu hagnýta sér þekkingu og leikni sem þeir hafa aflað í áfanganum til að vinna heildstætt verkefni á sjálfstæðan hátt undir handleiðslu kennara.

Áætlun um verkefni:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-4	5.-25. janúar	- Kynning á áfanga - Náttúra nær og fjar	Verkefni 1
4-7	26. jan. -13. feb.	- Hlutir og dýr	Verkefni 2
7-11	14. feb.-12. mars <i>Haustfrí 19.-20. feb.</i>	- Andlit og umhverfi	Verkefni 3

	<i>Kátir dagar og Flóafár 28.-29. feb. og 1. mars</i>		
11-15	13. mars – 9. apríl <i>Páskafri 28. mars – 1. apríl</i>	- Fjarvídd í byggingum	Verkefni 4
15-19	10. apríl - 8. maí	- Lokaverkefni	Verkefni 5
	Unnið í lok annar og að hluta til á næstu önn	- Sýning í opinberu rými	Verkefni 6

Verkefni, vægi, tímarammi, innlagdir og skil

- | | | |
|-------------------------------------|--|---------------------------|
| 1. Náttúra nær og fjær 18% | Innlögn: 5. janúar. | Skil: 25. janúar |
| 2. Hlutir og dýr 18 % | Innlögn: 26. janúar. | Skil: 13. febrúar. |
| 3. Andlit og umhverfi 18% | Innlögn: 14. febrúar. | Skil: 12. mars. |
| 4. Fjarvídd í byggingum 15% | Innlögn: 13. mars. | Skil: 9. apríl. |
| 5. Lokaverkefni 25% | Innlögn: 10. apríl. | Skil: 8. maí. |
| 6. Sýning í opinberu rými 6% | Skil á plakötum og merkingum mynda í síðasta lagi 8. maí.
Áætluð sýningar-uppsetning næsta haust í september | |

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Náttúra nær og fjær	Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í aðferð/nálgun, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma	18%
Hlutir og dýr	Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í áferðum, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma	18%
Andlit og umhverfi	Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, bakgrunnur, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, endanleg útkoma	18%
Fjarvídd í byggingum	Fríhendisteikning, notkun fjarviddar, sýndur skilningur, flækjustig og smáatriði, yfirfærsla fyrirmyndar í eigin teikningu	15%
Lokaverkefni	Fríhendisteikning, skyggingar og kontrastar, myndbygging, raunsæi í skyggingu og teikningu, fjölbreytni í aðferð/nálgun, nákvæmni, vinnusemi og virkni, sjálfstæði og tileinkun, þar sem fjarviddarbyggingar, fólk, dýr, hlutir ásamt lífrænum formum, náttúru og landslagi fléttast saman í sannfærandi lokaútkomu	25%

Sýning í opinberu rými	Læsileiki og útlit auglýsingar, uppsetning og upplýsingar á merkimiðum verka, sýningarþáttaka	6%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

4. janúar 2024